

Ed.

821. Breytingartillögur

við frv. til laga um ríkisgjaldanefnd.

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. Við 1. gr. 1. málslíð greinarinnar skal orða svo:
Í lok hvers reglulegs Alþingis skal kjósa með hlutfallskosningum fimm menn í nefnd og fimm til vara, er nefnist ríkisgjaldanefnd.
2. Við 2. gr. 2. og 3. málslíð skal orða svo:
Greiðsla er því aðeins heimil, að nefndin eða meiri hluti hennar samþykki greiðsluna.
3. Við 3. gr. 3. málslíð greinarinnar skal orða svo:
Fundir ríkisgjaldanefndar eru löglegir, ef meiri hluti nefndarmanna sækir fund; ef nefndarmaður getur ekki sótt fund, kemur varamaður í hans stað.
4. Við 5. gr. Í stað „143. gr.“ í heimildarleysi“ komi: Ákvörðun Alþingis, er næst kemur saman.